



Til: Velferðarnefndar Alþingis

Frá: Landspítala

Dags: 06.04.2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (stjórn Landspítala)

Landspítali þakkar umsagnarbeiðnina.

Landspítali lagði fram umsögn um drög að frumvarpinu í samráðsgátt stjórnvalda 31. janúar sl. Það er mat spítalans að þær breytingar sem gerðar hafa verið á drögunum hafi verið mjög til bóta og að miklu leyti í takti við athugasemdir spítalans og fleiri umsagnaraðila.

Meðal þess sem Landspítali benti á voru vandkvæði er felast í þeirri fyrirætlan að skipa nokkuð hefðbundna hlutafélagastjórn yfir A-hluta stofnun. Einkum vandaðist málið þegar kemur að ábyrgðarsviði forstjóra annars vegar og stjórnarinnar hins vegar, þar sem forstöðumaður Landspítala lýtur m.a. ákvæðum 2. mgr. 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Í umræðu á Alþingi við framlagningu frumvarpsins kom fram í máli heilbrigðisráðherra að þessu hefði verið mætt í meðförum ráðuneytisins. Ljóst er að fyrirkomulagið mun krefjast náins samstarfs forstjóra og stjórnar og áriðandi að samhljómur sé með þessum aðilum. Mikilvægt er því að forstjóri sitji þannig alla stjórnarfundir. Þá vill Landspítali í ljósi framgreinds ítreka eftirfarandi sem fram kom í umsögn spítalans í samráðsgátt:

Starfsemi Landspítala er umfangsmikil og flókin. Því er mikilvægt að stjórnkerfi stofnunarinnar sé skýrt og einfalt og að ábyrgðarsvið séu skýr. Almennt má segja að með því að setja sérstaka stjórn yfir stofnun aukist hættan á að ábyrgðarsvið verði óskýrari og má í því samhengi benda á að skv. 1.gr. frumvarpsins skal stjórnin taka ákvörðun um veigamikil atriði er varða rekstur

og starfsemi spítalans en forstjóri ber ábyrgð á rekstrarútgjöldum og afkomu skv. 2. Mgr. 38. Gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þá lengjast boðleiðir innan spítalans og á milli ráðherra og forstjóra. Að hluta má takast á við óljós ábyrgðasvið og langar boðleiðir með erindisbréfum stjórnar og forstjóra og skipuriti stofnunarinnar en þó aldrei nema að hluta sbr. 2. Mgr. 38. Gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Skýra þarf því vel hvar vald og ábyrgð ráðherra, stjórnar og forstjóra liggur.

Í umsögn sinni benti Landspítali einnig á mikilvægi þess að gætt sé að hæfi stjórnarmanna, þannig að þeir hafi ekki hagsmuni af ákvörðunum stjórnarinnar vegna annarra starfa. Ekki var brugðist við þessu en hugsanlega er gert ráð fyrir að almennar hæfisreglur stjórnsýslunnar dugi til að tryggja þetta. Þó má benda á að í lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun er sérstaklega kveðið á um hæfi stjórnarmanna í 5. gr. og skoða ætti vandlega hvort slíkt á einnig við hér.

Viðfangsefni og ákvarðanir sem heyra munu undir stjórn Landspítala krefjast yfirgripsmikillar þekkingar á rekstri stofnunarinnar og samspili þjónustubátta innan hennar og utan. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að skipunartími stjórnar Landspítala sé einungis 2 ár. Það gæti haft í för með sér of tíð skipti stjórnarmanna með þeim afleiðingum að innan stjórnarinnar skapist ekki næg þekking á starfsemi og umhverfi spítalans. Tryggja þarf hæfi stjórnarmanna með tilliti til þeirra hagsmuna sem hér eru reifaðir og endurskoða skipunartíma.

Loks vilja undirrituð benda á að óljóst er með hvaða hætti staðið verður að vali starfsmanna Landspítala til setu í stjórn spítalans. Benda má á að tækifæri kunna að liggja í skipun fulltrúa úr hinu sjálfstæða fagræði sem þegar starfar við spítalans og enn fremur mætti horfa til Háskóla Íslands í ljósi mikils og náins samstarfs við Landspítala auk þess sem fjölmargir starfsmenn starfa við báðar stofnanir.

Mikilvægt er að vel takist til við að styrkja faglega þjónustu og rekstur Landspítala. Í meðförum málsins hjá velferðarnefnd er því sérstaklega hvatt til skoðunar á eftirfarandi þáttum:

- Tryggja að skilgreining valds og ábyrgðarsviðs milli ráðherra, stjórnar og forstjóra Landspítala sé skýrt.
- Tryggja í lögum að forstjóri eigi sæti á fundum stjórnar Landspítala.
- Tryggja hæfi stjórnarmanna .
- Skoða lengd skipunartíma stjórnar til að tryggja að stjórnarmenn öðlist nægjanlega þekkingu á starfsemi og rekstri spítalans.

- Huga að skipun tveggja starfsmanna í stjórn spítalans, mögulega þannig að annar væri úr hópi þeirra er starfa bæði við Landspítala og Háskóla Íslands og hinn úr hinu sjálfstæða fagráði sem við spítalann starfar.

Virðingarfyllt,

Runólfur Pálsson, forstjóri

Anna Sigrún Baldursdóttir, framkvæmdastjóri